

Nefndu þrjú
Læknahlaðvörp
sem mælir þú með

Hlaðvörpin sem fá rokkstig Sólveigar



Sólveig Bjarnadóttir
sérnámslæknir í lyflækningum og
í stjórn Læknafélags Íslands

1. Fjölbreytt læknisfræðileg vandamál

„Fyrsta læknisfræðihlaðvarpið sem ég datt inn í var *The Curbsiders - Internal Medicine Podcast*. Var þá að vinna sem læknanemi í afleysingum eftir 4. ár og var bent á þetta af góðum sérnámslækni,“ segir Sólveig Bjarnadóttir almennum læknum og fyrrum formaður Félags læknana. „*Curbsiders* fjalla um mjög fjölbreytt lyflæknisfræðileg vandamál og hafa gefið út hátt í 400 þætti. Taka yfirleitt fyrir eitt viðfangsefni í hverjum þætti sem er þá auðvelt að glöggva sig á. Mjög klínísk nálgun og svolítið eins og maður sé að fá konsúlt.“

2. Áhugaverð nálgun á klíniska yfirferð

„Sem læknanemi og sérnámsgrunnslæknir vann ég mikið á geðsviði.

Hlustaði þá gjarnan á *Psychiatry and Psychotherapy Podcast*. Bæði mjög gagnleg og klínísk yfirferð en líka áhugaverð nálgun þar sem er farið yfir sögulegu hliðina,“ segir Sólveig sem mælir sérstaklega með þáttum þar sem fjallað er um hin ýmsu geðlyf.

3. Innsýn í smitsjúkdómana

„Byrjaði tiltölulega nýverið að hlusta á hlaðvarpið *Febrile – A cultured podcast* sem fjallar um smitsjúkdóma. Fyrir það fyrsta fá þau mörg rokkstig fyrir góðan titill á hlaðvarpi og svo enn fleiri þegar það eru einhver dýr sem koma við sögu, iðulega kettir eða veikir páfagaukar. Tilfelli miðuð nálgun og gaman að fá innsýn í sjúkdóma og tilfelli sem við sjáum sjaldan hér á Íslandi.“



Ertu með hugmynd að
dagskrá fyrir Læknadaga
15.-19. janúar 2024?



Þau sem vilja leggja til efni í dagskrá Læknadaga eru beðin að fylla út umsóknarblað á innra neti Læknafélags Íslands og senda til Margrétar Aðalsteinsdóttur – margret@lis.is fyrir 10. maí næstkomandi.